

149. löggjafarþing 2018–2019.

Þingskjal 194 — 189. mál.

Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008 (rekstrarleyfi til bráðabirgða).

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

1. gr.

Við 21. gr. c laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé rekstrarleyfi fellt úr gildi getur ráðherra, að fenginni umsögn Matvælastofnunar, enda mæli ríkar ástæður með því, gefið út rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að tju mánaða, berist umsókn þess efnis frá handhafa hins niðurfellda leyfis innan þriggja vikna frá því að leyfi var fellt niður. Umsókn um rekstrarleyfi til bráðabirgða skal afgreidd eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsókn berst. Í umsókn skal tilgreina með skýrum hætti tilgang rekstrarleyfis til bráðabirgða, ástæður þess og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma bráðabirgðaleyfisins. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal Matvælastofnun ekki stöðva rekstur fiskeldisstöðvar fyrir en fyrir liggar hvort sótt verði um rekstrarleyfi til bráðabirgða. Berist slík umsókn um rekstrarleyfi til bráðabirgða skal ekki stöðva rekstur meðan umsókn er til meðferðar hjá ráðherra. Rekstrarleyfi til bráðabirgða skal vera efnislega innan marka þess leyfis sem áður var í gildi. Ákvörðun um rekstrarleyfi til bráðabirgða má byggja á gögnum sem aflað hefur verið við undirbúning þess rekstrarleyfis sem fellt var úr gildi. Þá getur ráðherra sett rekstrarleyfi til bráðabirgða þau skilyrði sem þörf er á svo tilgangur leyfisins náist, svo sem um samdrátt þeirrar starfsemi sem þegar er fyrir hendi, um tímafresti vegna úrbóta eða um tímamörk málshöfðunar eða annarra athafna fyrir dómi sem eru á forræði aðila. Rekstrarleyfi til bráðabirgða samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að endurútgefa einu sinni. Rekstrarleyfi til bráðabirgða samkvæmt þessari málsgrein er fullnaðarúrlausn á stjórnsýslustigi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka jafnframtil til rekstrarleyfa sem félru úr gildi fyrir gildistöku laganna.

G r e i n a r g e r ð .

### 1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Með því er mælt fyrir breytingu á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, nánar tiltekið heimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða þegar ríkar ástæður mæla með því.

### 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Frumvarpinu er ætlað að lagfæra með almennum hætti annmarka á lögum um fiskeldi til framtíðar. Sá annmarki birtist í því að samkvæmt gildandi lögum er eina úrræði Matvælastofnunar í þeim tilvikum sem rekstrarleyfi fiskeldisstöðvar er fellt úr gildi að stöðva starfsemi

hennar. Þannig hafa stjórnvöld engin úrræði til að koma í veg fyrir mögulega óafturkræfa og óþarfa sónun verðmæta né heldur gæta meðalhófs.

Með úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málum nr. 3/2018 (Arctic Sea Farm) og nr. 5/2018 (Fjarðalax) sem kveðnir voru upp 27. september 2018 var varpað ljósi á fyrrgreindra annmarka á lögum um fiskeldi. Í þeim úrskurðum voru felldar úr gildi ákvarðanir Matvælastofnunar um að veita Arctic Sea Farm ehf. og Fjarðalaxi hf. rekstrarleyfi fyrir 17.500 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði. Fyrir liggur að Arctic Sea Farm framleiðir nú seiði til útsetningar vorið 2019 á grundvelli rekstrarleyfisins en Fjarðalax (Arnarlax) er með lax í eldi í Patreksfirði á grundvelli rekstrarleyfisins. Niðurstaða nefndarinnar byggir á því að umhverfismatsskýrsla fyrirtækjanna og álit Skipulagsstofnunar á skýrslunni geti ekki verið lögmætur grundvöllur fyrir ákvörðun um veitingu rekstrarleyfanna. Taldi nefndin að Matvælastofnun hefði borið að tryggja að málid væri nægilega upplýst, m.a. með því að gæta að því að lögbundið álit Skipulagsstofnunar hafi verið nægilega traustur grundvöllur fyrir veitingu rekstrarleyfis. Nefndin taldi að svo hafi ekki verið þar sem tefla hefði þurft fram fleiri en einum valkost við mat á umhverfisáhrifum enda væri nauðsynlegt að fá fram samanburð umhverfisáhrifa fleiri kosta sem lögbundin krafa er gerð um, allt í þeim tilgangi að leyfisveitandi geti tekið upplýsta afstöðu að rannsökuðu máli til þess að meta hvort eða með hvaða hætti væri hægt að veita rekstrarleyfi þannig að skilyrði laga væru uppfyllt. Loks má varðandi tilefni þessa frumvarps vísa til þess að með úrskurði úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála 5. október 2018 í málum nr. 3, 4, 5, 6 og 12/2018 var kröfu fyrrgreindra fyrirtækja um frestun réttaráhrifa þeirra úrskurða vísað frá nefndinni þar sem nefndin taldi sig ekki hafa heimild til að gera slíkt.

Samkvæmt gildandi lögum er rekstrarleyfi Matvælastofnunar skilyrði fyrir starfrækslu fiskeldisstöðva, sbr. 1. mgr. 4. gr. a. laga um fiskeldi. Samkvæmt 21. gr. c sömu laga skal Matvælastofnun stöðva starfsemi fiskeldisstöðvar sem rekin er án þess að rekstrarleyfi sé í gildi. Ber löggreglu eftir þörfum að veita Matvælastofnun liðsinni í því skyni og er stofnuninni heimilt að slátra eða farga eldisdýrum, fjarlægja búnað sem notaður hefur verið til starfseminnar og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir skv. 21. gr. b. á kostnað þess aðila sem rekið hefur fiskeldisstarfsemi án leyfis. Réttaráhrif framangreindra úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eru því þau að Matvælastofnun ber, sbr. 21. gr. c í lögum um fiskeldi, að stöðva þá starfsemi sem byggist á leyfum sem úrskurðirnir lutu að.

Ákvæðið í 21. gr. c er fortakslaust. Tilgangur þess virðist fyrst og fremst vera sa að tryggja Matvælastofnun örugg stjórntæki til viðbragða ef fiskeldisstöð yrði sett á fót án þess að leyfa fyrir starfsemi hennar hefði verið aflað. Þá getur 21. gr. c jafnframt verið virkt stjórntæki stofnunarinnar þegar rekstrarleyfi er fellt úr gildi vegna brota leyfishafa á þeim leyfum sem hann hefur fengið útgefin, sbr. 16. gr. laganna, enda hafi þá áður verið gætt að því að nota önnur úrræði samkvæmt lögnum, t.d. dagsektarúrræði, sbr. 21. gr. a. Hin fortakslausa regla í 21. gr. c á hins vegar ekki vel við ef rekstrarleyfi fellur úr gildi meðal annars vegna annmarka sem orðið hefur við stjórnsýslu leyfisútgáfunnar. Í slíkum tilvikum standa þvert á móti sterk rök til þess, m.a. sjónarmið um meðalhóf og um að komist sé hjá óafturkræfri og hugsanlega óþarfri sónun verðmæta, að stjórnvöldum sé með lögum veitt svigrúm til að leggja þá hagsmuni sem um ræðir á vogarskálarnar og leggja í því ljósi mat á hvaða úrræði eru best til þess fallin að ná fram sanngjarnri og eðlilegri niðurstöðu máls að lögum. Þegar framangreindir úrskurðir úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál liggja fyrir er skýrt að slíkt svigrúm til mats skortir. Það að lög um fiskeldi geri ekki ráð fyrir neinu slíku svigrúmi felur í sér annmarka á númerandi lagauムverfi og þá ekki síst í ljósi eðlis þess reksturs sem um ræðir. Tilgangur þessa lagafrumvarps er að bæta úr þessum ágalla á lögnum.

Í framangreindu samhengi má vísa til reglna í skipulagslögum, nr. 123/2010, og mannvirkjálögum, nr. 160/2010. Í eldri skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, var gert ráð fyrir að mannvirkí sem reist höfðu verið án viðhlítandi leyfa skyldi fjarlægja. Gat sú skylda einnig tekið til þeirra tilvika þegar skipulag var fellt úr gildi eftir að mannvirkí reis, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 137/2012 og 138/2012. Þessu var breytt með gildandi lögum og þrátt fyrir að kröfur séu enn strangar um að mannvirkí séu ekki reist í ósamræmi við skipulag og um stjórnsýslu leyfa til mannvirkjagerðar þá er nú ekki lengur gert ráð fyrir skyldu til niðurrifs heldur heimild. Var það rökstutt með vísun til sjónarmiða um meðalhóf, sbr. sérstakar athugasemdir við 55. gr. frumvarp þess er varð að lögum um mannvirkí, sbr. bingskjal nr. 82 frá 139. löggjafarpíngi 2010–2011.

Samkvæmt framangreindu er nauðsynlegt að bregðast við með þeim hætti sem gert er í frumvarpi þessu með heimild fyrir ráðherra til útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða. Með því er sett almenn heimild til að bregðast við aðstæðum sem þessum. Lagasetningin lýtur því ekki með beinum hætti að þeim tilvikum sem nú eru uppi vegna niðurstaðna í úrskurðum úrskurðarnefndar um umhverfismál heldur er með henni stefnt að því að lagfæra ágalla á lögum um fiskeldi til framtíðar. Tilgangur rekstrarleyfis til bráðabirgða getur verið mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni, m.a. að veita fyrirtæki kost á því að draga úr þeirri starfsemi sem þegar er fyrir hendi þegar rekstrarleyfi fellur úr gildi, og þá með það markmið í huga að rekstrinum verði alveg hætt. Einnig gæti tilgangur slíks leyfis verið að gefa fyrirtæki kost á að bæta úr annmörkum á rekstrarleyfi ádur en sótt er um leyfi að nýju eða láta reyna á niðurfellingu rekstrarleyfis fyrir dómstólum.

### **3. Meginnefni frumvarpsins.**

Frumvarpið gerir ráð fyrir að í þeim tilvikum sem rekstrarleyfi er fellt úr gildi geti ráðherra að fenginni umsögn Matvælastofnunar, enda mæli ríkar ástæður með, gefið út rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að tíu mánaða. Það skilyrði er sett að umsókn þurfi að berast innan þriggja vikna frá því að úrskurður var kveðinn upp. Umsókn um rekstrarleyfi til bráðabirgða skal afgreidd eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsókn berst. Skýrt er kveðið á um það í frumvarpinu að Matvælastofnun skuli ekki stöðva rekstur fiskeldisstöðvar fyrr en fyrir liggur hvort sótt verði um rekstrarleyfi til bráðabirgða. Berist slík umsókn um rekstrarleyfi til bráðabirgða skal ekki stöðva rekstur á meðan umsókn er til meðferðar hjá ráðherra.

Umsögn Matvælastofnunar um mögulegt rekstrarleyfi til bráðabirgða er skilyrði fyrir útgáfu slíks leyfis. Í slíkri umsögn geta m.a. komið fram upplýsingar um þau gögn sem aflað var við undirbúning þess leyfis sem fellt var úr gildi. Þá getur Matvælastofnun sett fram leiðbeiningar varðandi möguleg viðbótarskilyrði ef þörf er talin á slíku. Það er jafnframt skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða að ríkar ástæður mæli með útgáfu slíks leyfis. Við mat ráðherra á þessu skilyrði þarf m.a. að taka til skoðunar þá hagsmuni sem í húfi eru hverju sinni, bæði fjárhagslega en ekki síður umhverfislega og samfélagslega. Þá geta málefnaleg sjónarmið um að koma í veg fyrir óafturkræfa sóun verðmæta einnig haft þýðingu í þessu samhengi. Enn fremur verður að hafa í huga að hagsmunir aðila máls kunna að vera andstæðir og að þá verður að vega og meta með réttum hætti í þessu sambandi.

Í ákvæðinu er gert skilyrði um að rekstrarleyfi til bráðabirgða skuli vera efnislega innan marka þess leyfis sem ádur gilti, þ.e. þess leyfis sem fellt var úr gildi. Með þessu er átt við að umfang rekstrarleyfis til bráðabirgða má ekki verða meira en þess leyfis sem fellt var úr gildi. Ráðherra er hins vegar heimilt að hafa leyfið efnislega þrengra en fyrra leyfi var og honum verður heimilt að setja því nauðsynleg viðbótarskilyrði eins og fyrr segir.

Fram kemur í ákvæðinu að ákvörðun um rekstrarleyfi til bráðabirgða megi byggja á gögnum sem aflað var við undirbúnings þess leyfis sem fellt var úr gildi. Þannig getur ráðherra við ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða m.a. byggt á gögnum sem tiltekin eru í 8. gr. laga um fiskeldi. Hér má meðal annars nefna upplýsingar um að eldisbúnaður umsækjanda standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó og afrit af ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdin sé ekki matsskyld eða álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Loks ber að geta þess að ráðherra ber í hverju tilviki að meta þessi gögn í ljósi mögulegra annmarka sem voru á því rekstrarleyfi sem fellt var úr gildi við ákvörðun sína um útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða.

Þá kemur fram í ákvæðinu að ráðherra geti sett í rekstrarleyfi til bráðabirgða þau skilyrði sem þörf er á svo tilgangur leyfisins náist, meðal annars um samdrátt þeirrar starfsemi sem þegar er fyrir hendi, um tímafresti vegna úrbóta eða um meðferð málს fyrir dómstólum. Telja verður mikilvægt að ráðherra hafi heimild sem þessa en með hvaða hætti ráðherra beitir henni fer eftir atvikum hverju sinni. Þannig kunna að koma upp atvik þar sem uppi er lögfræðilegur ágreiningur um niðurfellingu rekstrarleyfis. Í slíku tilviki er nauðsynlegt að ráðherra setji í bráðabirgðaleyfi skilyrði um að mál sé höfðað fyrir dómstólum innan tiltekins frests. Þá kann annmarki á rekstrarleyfi að vera þess eðlis að einfalt sé að ráða bót á honum og því geta atvik verið með þannig að fyrirtæki sé veittur tímafrestur til þess.

Loks ber að taka fram að útgáfa ráðherra á rekstrarleyfi til bráðabirgða er eðli málს samkvæmt ekki kæranleg til annarra stjórnvalda. Hins vegar er hægt að bera slíka ákvörðun undir dómstóla samkvæmt almennum reglum.

#### **4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Ekki er tilefni til að ætla að frumvarpið stangist á við stjórnarskrá. Varðandi alþjóðlegar skuldbindingar ber að nefna skuldbindingar íslenskra stjórnvalda samkvæmt Áróssasamningnum en samningurinn er svæðisbundinn umhverfissamningur sem leggur fyrst og fremst skyldur á ríkin að fylgja ákveðnum málsméðferðarreglum í málum sem varða umhverfið. Með fullgildingu Áróssasamningsins hér á landi tóku gildi lög nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Í 1. gr. laganna kemur fram að nefndin sé sjálfstæð í sínum störfum. Þá kemur fram í 6. gr. laganna að úrskurðir nefndarinnar séu fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi. Með frumvarpi þessu er hvorki gengið í berhögg við umrædd lög né ákvæði Áróssasamningsins. Þannig er gildi úrskurða nefndarinnar í engu haggað með frumvarpi þessu og þeir áfram fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um útgáfu bráðabirgðaleyfis og þar sé um að ræða fullnaðarúrlausn á stjórnsýslustigi. Kemur því ekki til greina að slík ákvörðun sé kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því. Samkvæmt frumvarpinu er ekki um að ræða „ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi“ skv. Áróssasamningnum, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Um er að ræða brýna bráðabirgðaráðstöfun til að koma í veg fyrir „ótafturkræfa og hugsanlega óþarfa sóun verðmæta“ eins og segir í frumvarpinu. Mikilvægt er að útgáfa rekstrarleyfis til bráðabirgða sé til skamms tíma og aldrei lengur en nauðsyn krefur vegna þeirra hagsmunu sem í húfi eru. Þá þarf hún að vera háð því að þegar í stað sé brugðist við þeim ágöllum sem leiddu til ógildingar leyfis og að greitt sé úr mögulegi réttaróvissu fyrir dómstólum eins fljótt og kostur er. Þá er frumvarpið í samræmi við þá kröfum tilskipunarinnar að umhverfismat hafi farið fram áður en leyfi er veitt. Gert er ráð

fyrir að byggt verði á matsskýrslu og álti Skipulagsstofnunar sem lagt var fram vegna umsóknar um það leyfi sem fellt hefur verið úr gildi. Ýmsir annmarkar á rekstrarleyfi geta valdið ógildingu þess, þar á meðal annmarkar á umhverfismatsskýrslu og álti Skipulagsstofnunar. Þegar svo háttar til er það úrlausnaratriði hverju sinni hvort annmarkarnir séu svo verulegir að ekki sé að lögum unnt að styðjast við fyrirliggjandi gögn. Er það hluti af því heildarmati sem fram þarf að fara áður en bráðabirgðaleyfi er veitt. Ráðherra getur sett sérstök skilyrði í bráðabirgðaleyfi til að bregðast við annmörkum á fyrra leyfi, þar á meðal krafist nauðsynlegra úrbóta innan tilsettra tímamarka.

## 5. Samráð.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Samráð var haft við Matvælastofnun um viðbrögð við framangreindum úrskurðum. Frumvarp þetta er niðurstaða þess samráðs.

## 6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið mun ekki hafa fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð.

Frumvarpið felur í sér heimild ráðherra til útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða. Slík heimild er ekki í núgildandi lögum. Þannig getur frumvarpið m.a. haft þau áhrif að fyrirtæki geti leitað réttar síns þegar rekstrarleyfi þeirra er fellt úr gildi.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæðið mælir fyrir um heimild ráðherra til útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða ásamt því sem fjallað er um skilyrði slíkrar leyfisveitingar og málsmæðferð.

Fyrir liggar að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. a. laga um fiskeldi er rekstrarleyfi Matvælastofnunar skilyrði fyrir starfreakslu fiskeldisstöðva. Í fyrrgreindum úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málum nr. 3/2018 og 5/2018 vísaði nefndin til þess að taki Matvælastofnun ákvörðun um að stöðva starfsemi rekstraraðila skv. 21. gr. c laga um fiskeldi þá sé sú stjórnavaldsákvörðun kæranleg til ráðherra skv. 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna sem gæti eftir atvikum frestað réttaráhrifum þeirrar ákvörðunar. Þrátt fyrir þessa ábendingu nefndarinnar verður að telja farsælla að hafa möguleika á að veita tímabundin rekstrarleyfi frekar en að gera ráð fyrir þeim möguleika að ráðherra fresti réttaráhrifum ákvörðunar um lokun fiskeldisstöðvar. Slíkt gæti búið til flækjur og mikilvægt er að hafa rekstrarleyfi til að tryggja viðeigandi grundvöll þess að skilyrðum fyrir starfsemi fiskeldisstöðva sé framfylgt, m.a. þannig að hægt sé að tryggja grundvöll dagsekta.

Til skoðunar hefur verið í tengslum við viðbrögð við fyrrgreindum úrskurðum hvort heimild til útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða væri hjá ráðherra eða Matvælastofnun. Eftir samráð við Matvælastofnun var talið farsælla að sú heimild ætti að vera hjá ráðherra. Því til stuðnings má vísa til hins sérstaka eðlis leyfa sem þessara enda mjög sérstök og væntanlega fátið tilvik sem þarna reynir á. Þá verður að telja heppilegra að annars vegar ákvörðun um að stöðva starfsemi skv. 21. gr. c og hins vegar um útgáfu rekstrarleyfis til bráðabirgða sé ekki á sömu hendi. Einnig má vísa til þess i þessu samhengi að eitt af skilyrðum rekstrarleyfis til bráðabirgða er að Matvælastofnun veiti umsögn um slíkt leyfi. Loks má vísa til þess að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er ráðherra heimilt að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi.

Í ákvæðinu kemur fram að ráðherra sé heimilt að gefa út rekstrarleyfi til bráðabirgða til allt að tíu mánaða. Í því felst að ráðherra getur veitt leyfi til skemmrí tíma. Rétt þykir að marka

gildistíma leyfa sem þessara tiltekinn hámarkstíma enda um undantekningu að ræða frá hefðbundnu leyfisveitingarferli. Telja verður að á tíu mánuðum ætti rekstrarleyfishafa að vera fært að ná fram tilgangi rekstrarleyfis til bráðabirgða í hverju og einu tilviki, hvort sem það er að lagfæra annmarka á rekstrarleyfi eða af öðrum ástæðum. Jafnframt hefur áhrif á þann gildistíma sem ákveðinn er í frumvarpi þessu að mikilvægt er að tryggja stjórnarskrárvarinn rétt fyrirteka til að fá úrlausn mála fyrir dólmstólum.

Það skilyrði kemur fram í ákvæðinu að handhafi hins niðurfellda leyfis sæki um rekstrarleyfi til bráðabirgða til ráðherra. Í slíkri umsókn skal tilgreina með skýrum hætti tilgang bráðabirgðaleyfisins, ástæður þess og fyrirhugaðar aðgerðir meðan á leyfisveitingu stendur. Þetta er mikilvægt til þess að ráðherra geti metið þá hagsmuni sem í húfi eru hverju sinni og eftir atvikum sett viðeigandi skilyrði. Ljóst er að mat ráðherra um hvort fallist er á rekstrarleyfi til bráðabirgða er ekki alfarið frjálst. Matið er bundið af þeim grundvallarreglum sem stjórnsýslan þarf að starfa eftir. Ráðherra þarf jafnframt vega og meta þá hagsmuni sem í húfi eru hverju sinni og líta m.a. til þess að tryggður sé stjórnarskrárvarinn réttur til að fá úrlausn mála fyrir dólmstólum.

#### Um 2. gr.

Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að löginn taki jafnframt til rekstrarleyfa sem fóllu úr gildi fyrir gildistöku laganna. Ákvæði þarfust að öðru leyti ekki skýringa.